

ingarinnar í Björgvin, 200 ríkisdala styrk úr jarðabókarsjóði Íslands, og skal því við bætt, að taka á styrk þenna af fè því, er til fært er í 9. grein VI C<sup>1</sup> í fjárhagslögunum. 1865.  
30. ágúst.

**68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju.** 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við fjárstjórnina útaf bréfi stiptamtsins, dagsettu 24. maímán. þ. á., um að Reykjavíkur dómkirkja þurfi töluverðrar viðgjörðar bæði á þaki og veggjum, og skal yður nú til vitundar gefið, að með því að fjárstjórninni þykir ísjárvert, eins og nú er ástátt, þar sem verið er að ræða um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandi Íslands og Danmerkur, að fallast á, að fè það, sem ætlazt er á að þurfi til viðgjörðarinnar, sè sett á fjárhagsáætlunina fyrir næstkomanda fjárhagsár, þá sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra úti þetta mál að svo stöddu. Aptur á móti eruð þèr beðnir um, herra stiptamtmaður, að hlutast til um, að brestir þeir, er gætu orðið þess ollandi að kirkjan sjálf eða bókasafnið á kirkjuloptinu verði fyrir skemmdum, fái þá aðgjörð, sem álita má alveg nauðsynlega.

**69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um guðspjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.** 30. ágúst.

Eptir tilhlutan stjórnarráðsins hefir stiptamtíð sent hingað með bréfi 27. maímán. þ. á. skýrslu frá bæjarfógetanum í Reykjavík útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt frá Baudoin, katólskum klerk, er býr í Reykjavík; ber hann sig upp undan því, að embættismaður þessi hafi bannað sèr að halda guðspjónustugjörð, ef menn sèu viðstaddir sem eru landsins trúar, og fleiru.

<sup>1</sup>) Þ. e. ýms óviss gjöld handa Íslandi.

1865.

30. ágúst.

Útaf þessu gefst yður hér með til vitundar sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að þaræð sjá má á eptirritinu af bréfi bæjarfógetans til klerks þess, sem að ofan er nefndur, þar sem hann tilkynnir klerknum bréf dómsmálastjórnarinnar frá 29. júnímán. f. á., að embættismaður þessi einasta hefir bannað honum að halda guðsþjónustugjörð í hverju formi, sem er, fyrir þá, sem eru landsins trúar, finnst stjórnarráðinu ekki vera ústæða til að halda lengra út í þetta mál. Tvö fylgiskjöl eru send aptur.

30. ágúst.

## 70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aðkaupsgjald af skipum m. m.

Eins og vikið er á í bréfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtsins 6. aprílmán. þ. á., hefir dómsmálastjórnin borið sig saman við aðalstjórn skattgjaldanna um það, hvort ekki ætti að gjöra breytingu á reglum þeim, sem nú er farið eptir, þegar útlend skip eru keypt á Íslandi, bæði um það, hver gjöld þá beri að greiða, og hvernig eigi að útvega skipunum einkunn innlendra skipa.

Um hið fyrra atriðið, það er að segja aðkaupsgjaldið, verður, að því er aðalskattgjaldastjórnin hefir sagt, framvegis fyrst um sinn að fara eptir ákvörðunum í tilskipun 1. maímán. 1838, með því að lögin frá 4. júlímán. 1863 um toll- og skipagjöld ekki verða beinlínis heimfærð uppá Ísland. En þaræð svo er fyrir skipað í 15. grein laga þeirra, er nú voru nefnd, að gjalda eigi toll eptir tollskránni af skipum þeim og bátum, er danskir þegnar, sem eiga heima í konungsríkinu, eignast frá Íslandi (eins og líka frá Færeyjum og Grænlandi), þá leiðir af þessari ákvörðun, að þegar skip eru aðflutt frá Íslandi til konungsríkisins, verður að gjalda toll af þeim hér, án þess að tollstjórnin geti tekið það til greina, þó goldið hafi verið af þeim aðkaupsgjald áður; og það var líka þessu samkvæmt að aðaltollstjórnin úrskurðaði, að gjalda ætti aðkaupsgjald eptir